

Vilhjálmur Húnfjörð ehf.
b.t. Framkvæmdarstjóri
Vættaborgir 15
112 Reykjavík

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 26.11.2018

Staðsetning skoðunar: Háaleitisbraut 36

Deild:

Eftirlitsmaður: [REDACTED]

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

[REDACTED] a eftirlitsmaður

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Við takmarkaða skoðun á vinnuvél, Haulotte körfukrani með skráningarnúmerið DK.0494 sem var staðsett við Háaleitisbraut 36 kom í ljós að starfsmaður var við vinnu á tækinu og gat ekki framvísað gildu réttindaskirteini.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED].

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Starfsmaður fyrirtækisins Vilhjálmur Húnfjörð ehf var að stjórna vinnuvél með skráningarnúmeri DK.0494 án þess að hafa tilskilin vinnuvélaréttindi. Um er að ræða starfsmanninn [REDACTED]

Fyrirmæli

Öll vinna við réttindaskildar vinnuvélar er bönnuð nema starfsmenn hafi til þess fullnægjandi vinnuvélaréttindi.

Lög & reglur:

46/1980: 6. mgr. 45. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnuettirlitsins á netfangið [REDACTED]



30.11.2018

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnáskýrslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnuettirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnuettirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnuettirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.